



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Sunnufold

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	4
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	6
4. Starfsþróunarsamtöl.....	9
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans	9
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	9
7. Foreldrasamstarf	10
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	11
9. Fylgiskjöl:	12
9.1 Innra mat Hulduheima 2025-2026	12
9.2 Innra mat Álfheima 2025-2026	13
9.3 Innra mat Tröllheima 2025-2026	14
9.4 Innra mat Loga 2025-2026	15
9.5 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027	16
9.6 Umsögn foreldraráðs.....	19





1. Greinargerð leikskólastjóra

Starfsárið 2025–2026 í Sunnufold hefur verið viðburðaríkt, lærdómsríkt og fullt af fjölbreyttum verkefnum. Líkt og áður hefur megináherslan verið á að skapa hlýlegt, öruggt og uppbyggilegt umhverfi þar sem börn fá að njóta sín í leik og starfi, mynda tengsl og þróast á eigin forsendum. Í daglegu starfi höfum við lagt áherslu á vellíðan barna, jákvæð samskipti og að skapa samfélag þar sem allir upplifa að þeir skipti máli.

Starfsmannahópur Sunnufoldar hefur staðið þétt saman í fjölbreyttum verkefnum vetrarins og sýnt mikinn metnað og fagmennsku í starfi. Samstarf innan húss hefur verið öflugt og starfsfólk tekið virkan þátt í þróun og umbótum í starfinu. Á starfsárinu var meðal annars hafin vinna við endurskoðun skólanámskrár leikskólans þar sem allt starfsfólk kom að hugmyndavinnu og mótun sameiginlegrar sýnar um það starf sem við viljum standa fyrir í Sunnufold. Sú vinna hefur verið bæði gefandi og mikilvægt tækifæri til samræðu og sameiginlegrar stefnumótunar.

Einnig var unnið áfram að þróun sérkennslu og stuðnings innan leikskólans með aukinni áherslu á samstarf og teymisvinnu. Þrátt fyrir að mannekklar hafi á köflum haft áhrif á framkvæmd verkefna hefur verið lögð áhersla á að mæta þörfum barnanna eins vel og mögulegt er og styrkja faglegt samstarf þeirra sem koma að stuðningi og sérkennslu.

Samstarf við foreldra hefur áfram verið einn af hornsteinum starfsins og mikilvægt að viðhalda opnum og góðum samskiptum þar sem gagnkvæmt traust og samvinna eru í forgrunni. Við teljum mikilvægt að foreldrar upplifi sig sem virka þátttakendur í leikskólasamfélaginu og að heimili og skóli styðji við velferð og þroska barnanna í sameiningu.

Á komandi starfsári verður áfram lögð áhersla á að efla faglegt starf leikskólans, ljúka vinnu við nýja skólanámskrá, styrkja teymisvinnu og halda áfram að byggja upp jákvæða og faglega starfsmenningu þar sem velferð barna, foreldra og starfsfólks er í forgrunni. Við viljum áfram leggja rækt við það að Sunnufold sé staður þar sem börnum og starfsfólki líður vel, þar sem ríkir gleði, öryggi og traust og allir fá tækifæri til að vaxa og dafna. Við munum halda áfram að þróa öflugt og faglegt leikskólastarf þar sem leikurinn, vináttan og gleði eru höfð að leiðarljósi.





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Sérkennsla	
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram reglulega yfir skólaárið á teymisfundum og innanhússfundum. Þar var rýnt í skipulag sérkennslu, framkvæmd einstaklingsáætlana og samstarf teymisins. Stuðst var við skráningar stuðningsaðila, athuganir starfsfólks og samtöl við foreldra. Matið var því samfelldur og virkur þáttur í starfinu yfir veturinn.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Í matinu tóku þátt sérkennslustjóri, starfsfólk sérkennslu og starfsfólk deilda. Einnig var stuðst við sjónarmið foreldra í gegnum samtöl og samráðsfundi eftir því sem við átti.
Helstu niðurstöður mats	Helstu styrkleikar felast í jákvæðu viðhorfi til sérkennslu, góðu samstarfi milli starfsfólks sem sinnir sérkennslu og deilda og vilja til að þróa faglegt teymisstarf. Einnig hefur verið mikilvægt skref að hefja uppbyggingu sérkennsluteymis og einn starfsmaður hefur nú tekið að sér sérkennslu í fullu starfi og sinnir stuðningi þvert á deildir. Á sama tíma sýndi matið að ekki tókst að innleiða skipulagið að fullu eins og lagt var upp með. Ástæður þess má einkum rekja til manneklu sem hafði áhrif á samfellu og framkvæmd sérkennslunnar. Tækifæri til umbóta felast því í að halda áfram að styrkja teymið, festa nýtt skipulag betur í sessi og tryggja nægjanlegan mannafla svo hægt sé að veita börnum þann stuðning sem stefnt er að. Jafnframt er mikilvægt að halda áfram reglulegu mati og samráði til að fylgja breytingunum eftir.





Námskrágerð

Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram samhliða vinnu við endurskrifun námskrárinnar á vinnufundum og í vinnustofum. Sérstaklega var unnið markvisst á starfsdegi þar sem lögð var áhersla á sameiginlega rými, umræðu og hugmyndavinnu. Í framhaldi var unnið áfram með niðurstöður fundanna innan stjórnendateymis og þær metnar og þróaðar áfram. Ferlið hefur því verið samfelld rýni og mat á framvindu verkefnisins.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn leikskólans tóku þátt í vinnustofum á starfsdegi og lögðu sitt af mörkum við mótun námskrárinnar. Stjórnendateymi vann síðan áfram úr þeim gögnum sem urðu til.
Helstu niðurstöður mats	Helstu styrkleikar felast í víðtækri þátttöku starfsmanna og góðri samstöðu um sýn og áherslur í starfinu. Vinnan fór vel af stað og hefur skilað skýrum drögum að nýrri skólanámskrá. Jafnframt sýnir matið að þó verkefnið sé komið vel á veg er enn þörf á að ljúka úrvinnslu, setja efnið skýrar fram og fínþússa áður en námskráin verður tilbúin til útgáfu. Tækifæri til umbóta felast því í að klára vinnsluferlið, tryggja samræmi í framsetningu og halda áfram að virkja starfsfólk í lokaáfangi verkefnisins þannig að námskráin verði skýr, hagnýt og lifandi verkfæri í daglegu starfi.

Ytra mat

Stofnun ársins	
Hvernig fór matið fram?	Könnun send í tölvupósti til allra starfsmanna
Hverjir tóku þátt í matinu?	19 starfsmenn – sem er rúmlega helmingur starfsmanna
Helstu niðurstöður mats	Niðurstöður eru mjög svipaðar og annarstaðar í borginni. Starfsmenn í Sunnufold sáu tækifæri í því að vinna með það að efla starfsánægju, gleði í starfi og stolt starfsmanna af starfstaðnum.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Vináttuverkefni Barnaheilla	
Uppeldis og menntastarf	Innleiðing og festing Vináttuverkefnis í daglegu starfi allra deilda með áherslu á félagsfærni, samkennd og jákvæð samskipti barna.
Tækifæri til umbóta	Stefnt er að því að Vináttuverkefnið verði samþættur og sýnilegur hluti af daglegu starfi leikskólans á öllum deildum. Markmiðið er að: • efla félagsfærni og samskipti barna • stuðla að jákvæðum samskiptum og vináttu • auka samkennd, virðingu og þátttöku allra barna • skapa samræmi í vinnubrögðum milli deilda
Aðgerðir til umbóta	• Námskeið frá Barnaheill fyrir allt starfsfólk á skipulagsdegi • Vináttuverkefnið innleitt markvisst á öllum deildum • Verkefnið nýtt í daglegu starfi, samverustundum og leik • Regluleg umræða og miðlun hugmynda á deildarfundum og starfsmannafundum • Starfsfólk virkjað til þátttöku og samræmis í framkvæmd
Ábyrgð	Deildarstjórar bera ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni verkefnisins á sínum deildum.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Mat fer fram reglulega á deildarfundum og starfsmannafundum. Stuðst er við: • umræður starfsfólks • athuganir á samskiptum og líðan barna • sameiginlega rýni á framkvæmd verkefnisins
Viðmið um árangur	• Verkefnið er sýnilegt og virkt á öllum deildum • Starfsfólk vinnur með samræmdum hætti út frá hugmyndafræði verkefnisins • Börn sýna aukna félagsfærni, jákvæð samskipti og samkennd • Allir starfsmenn taka virkan þátt í innleiðingu og framkvæmd verkefnisins





Örsamtöl	
Mannauður	
Tækifæri til umbóta	Stefnt er að því að efla mannaforráð og styrkja samskipti milli deildarstjóra og starfsfólks með reglulegum örsamtölum. Markmiðið er að: • auka yfirsýn deildarstjóra yfir líðan og stöðu starfsfólks • styrkja fagleg samskipti og endurgjöf • bæta skipulag á undirbúningstíma og vinnutíma • efla ábyrgð deildarstjóra á mannauðsmálum innan sinnar deildar
Aðgerðir til umbóta	• Deildarstjórar taka örsamtal við sitt starfsfólk að minnsta kosti einu sinni á önn • Samtölin nýtast til að ræða líðan, starfsaðstæður, verkefni og þróun í starfi • Deildarstjórar nýta niðurstöður samtala til að skipuleggja betur undirbúningstíma og vinnutíma starfsfólks • Lögð er áhersla á skýra ábyrgð deildarstjóra á mannaforráðum innan deilda
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Mat fer fram reglulega á starfsmannafundum og í samtölum stjórnenda og deildarstjóra. Stuðst er við: • endurgjöf frá starfsfólki • umræðu á fundum • mat stjórnenda á framkvæmd og eftirfylgni
Viðmið um árangur	• Örsamtöl eru tekin reglulega (að minnsta kosti einu sinni á önn) • Deildarstjórar sýna aukna ábyrgð og yfirsýn í mannaforráðum • Skipulag undirbúnings- og vinnutíma er skýrara og markvissara • Starfsfólk upplifir aukin samskipti, stuðning og skýrari verkaskiptingu





Jákvæð vinnustaðamenning	
Leikskólabragur	
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Stefnt er að því að efla starfsánægju, gleði í starfi og stolt starfsmanna af starfstaðnum. Jafnframt er markmiðið að bæta ímynd leikskólans og styrkja jákvæða vinnustaðamenningu. Áhersla er lögð á að efla samskipti og samvinnu innan starfsmannahópsins, meðal annars með því að vinna markvisst með samskiptasáttmála Sunnufoldar sem starfsmenn mótuðu í samvinnu haustið 2024þörf fyrir umbætur á þessu sviði kom fram í niðurstöðum „Stofnun ársins“ og var ákveðið á starfsmannafundi að leggja sérstaka áherslu á þennan þátt.
Aðgerðir til umbóta	• Samskiptasáttmáli Sunnufoldar tekinn upp og gerður sýnilegur í daglegu starfi • Regluleg umræða um samskipti, starfsanda og líðan á starfsmannafundum og deildarfundum • Markviss vinna með jákvæða endurgjöf, viðurkenningu og hvatningu innan hópsins • Stjórnendur og deildarstjórar styðja við jákvæða starfsmenningu og eru fyrirmyndir í samskiptum • Starfsfólk virkjað til þátttöku í að móta og viðhalda góðum starfsanda
Ábyrgð	Stjórnendur og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Mat fer fram reglulega á starfsmannafundum og deildarfundum. Stuðst er við: • niðurstöður úr könnunum (t.d. „Stofnun ársins“) • umræðu og endurgjöf starfsfólks • mat stjórnenda á starfsanda og samskiptum
Viðmið um árangur	• Aukið jákvætt viðhorf og starfsánægja meðal starfsmanna • Starfsfólk upplifir aukið stolt af starfstaðnum • Samskiptasáttmáli er virkur og sýnilegur í daglegu starfi • Bættar niðurstöður í könnunum um starfsánægju og starfsanda • Jákvæðari og uppbyggilegri samskipti innan starfsmannahópsins





4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í apríl þar sem starfsfólki gafst tækifæri til að ræða starf sitt, líðan í starfi og hvernig gengið hefur á skólaárinu. Í samtölunum var einnig rætt um styrkleika, áhugasvið og framtíðarsýn starfsfólks varðandi áframhaldandi starf og þróun innan leikskólans. Samtölin eru mikilvægur þáttur í að efla samskipti, starfsánægju og faglega þróun starfsfólks.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Á skólaárinu 2026–2027 verður lögð áhersla á markvissa fræðslu og starfsþróun sem tengist helstu umbótaþáttum leikskólans. Fræðslan mun taka mið af áherslum skólanámskrár, umbótaáætlunar, menntastefnu sveitarfélagsins og þeim þáttum sem hafa komið fram í starfsþróunarsamtölum starfsfólks.

Áhersla verður lögð á að efla fagmennsku, samskipti og samvinnu innan starfsmannahópsins, meðal annars með áframhaldandi vinnu með samskiptasáttmála Sunnufoldar, starfsánægju og jákvæðri starfsmenningu. Einnig verður lögð áhersla á fræðslu tengda sérkennslu, fjöltyngi, Vináttuverkefni Barnaheilla og innleiðingu nýrrar skólanámskrár.

Starfsdagar verða nýttir í vinnustofur, sameiginlega faglega vinnu og fræðslu þar sem starfsfólk tekur virkan þátt í þróun starfsins. Deildarstjórar og stjórnendur munu jafnframt styðja við áframhaldandi þróun faglegs teymisstarfs og mannaforráða innan deilda.

Stefnt er að því að starfsfólk fái tækifæri til að sækja námskeið, ráðstefnur og aðra faglega viðburði eftir því sem við á, með það að markmiði að efla þekkingu, fagvitund og gæði starfsins í heild.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við Foldaskóla og Regnbogaland verður áfram með svipuðu sniði og undanfarin ár og er mikilvægur þáttur í að stuðla að samfelli í námi og vellíðan barna við flutning milli skólastiga.

Samstarfið við Foldaskóla hefst ár hvert á degi íslenskrar tungu þegar nemendur grunnskólans koma í heimsókn í leikskólann og lesa fyrir börnin.





Yfir skólaárið fá elstu börn leikskólans jafnframt tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttu starfi innan Foldaskóla, meðal annars í íþróttatímum, textílmennt, smíðum og taka þátt í söng á sal á Bóndadaginn. Börnin heimsækja einnig skólabókasafnið og kynnast þannig umhverfi og starfsháttum grunnskólans á jákvæðan og öruggan hátt. Markmið samstarfsins er að auðvelda börnum flutning yfir í grunnskóla, efla öryggi þeirra og sjálfstraust sem og að skapa tengsl milli skólastiganna.

Einnig verður áfram virkt samstarf við Regnbogaland þar sem farið verður í reglulegar heimsóknir þar sem börnin fá að kynnast frístundarheimilinu.

7. Foreldrasamstarf

Góð samvinna og samskipti við foreldra og heimili barna er lykill að farsælli leikskólagöngu, því leggjum við í Sunnufold mikla áherslu á gott foreldrasamstarf. Þessi samvinna er sterkur grunnur að því að barninu takist að nýta þau námstækifæri sem leikskólinn býður.

- 16. september kl: 19:30 verður foreldrakynning í Loga og 17. september kl: 19:30 í Frosta. Foreldrar mæta og farið verður yfir næsta skólaár. Einnig munu deildarstjórar fara yfir deildarstarf hvernar deildar og foreldrar geta spurt spurninga. Tekið verður við framboðum í foreldrafélag og foreldraráð. Foreldrar eru hvattir til þess að mæta.
- Foreldraráð leikskólans skipa einn fulltrúa foreldra af hverri deild. Kosið er á foreldrafundi haustsins. Hver fulltrúi situr í tvö ár.
- Foreldrafélag er starfandi í Sunnufold þar sem foreldrar koma að piparkökumálun, gestum á jólaball, sumarhátíð, sveitaferð ásamt því að panta ljósmyndara til þess að taka deildarmyndir.
- Boðið er upp á foreldrasamtöl tvisvar sinnum á ári. Utan þess er foreldrum ávallt velkomið að hafa samband við deildarstjóra hvort sem það er í daglegum samskiptum, símtali eða tölvupósti.





8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í Sunnufold veturinn 2026-2027 verða:

- 30. september – sameiginlegur með grunnskóla
- 27. nóvember
- 5. febrúar – sameiginlegur með grunnskóla
- 27. apríl – sameiginlegur með grunnskóla
- 5. maí
- 7. maí

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla:

Sunnufold

AGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F	1 L Verkyldisdagurinn	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M Fridagur verslunarmanna	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ Sumarlökun	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M Sumarlökun	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F Skipulagsdagur - 5 F dagur leikskólans	5 F	5 M	5 M Skipulagsdagur	5 L	5 M
6 F Sumarlökun	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M Þrettándinn	6 L Dagur kristianskólans	6 L	6 Þ	6 F Uppsýrningardagur	6 S Sjómennadagurinn	6 Þ
7 F Sumarlökun	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F Skipulagsdagur	7 M	7 M
8 L	8 Þ Dagur læsis	8 F	8 S Baráttudagur gegn S. smelli	8 Þ	8 F	8 M Bolludagur	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ Sprengidagur	9 Þ	9 S	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M Óskudagur Dagur íslenska Eilífðarskólans	10 M	10 L	10 M	10 F Skólasítt grunnskóla	10 L
11 Þ	11 F	11 S Forsetis Islands (HT)	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S Dagur stjórnmálanna	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M Dagur ísl. rættis - M Forsetisráðgjöf Lög	16 F	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S Hvítasunnudagur	16 M	16 F
17 M	17 F Forsetisráðgjöf Frosti	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M Annar í Hvítasunnu	17 F Lyfjveldisdagurinn	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F Dagur mannréttinda	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur - upphaf 21 S Pálmasunnudagur	21 M	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F Skráningardagur	22 S	22 Þ	22 F Bondadagur - upphaf þorra	22 M Skráningardagur	22 M Skráningardagur	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F Skráningardagur	23 M	23 M Þorkásmessa	23 L	23 Þ Skráningardagur	23 Þ Skráningardagur	23 F Umhverfisdagur	23 S	23 M	23 F
24 M Skólaöskun grunnskóla	24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aftangadagur jóla	24 S	24 M	24 M Skráningardagur	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F Jólardagur	25 M	25 F	25 F Skráningardagur	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L Evrópski tungumáladagur	26 M Skráningardagur	26 F	26 L Annar í jöllum	26 Þ	26 F	26 F Fiskudagurinn langi	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F Skipulagsdagur	27 S	27 M	27 L	27 L	27 F Skipulagsdagur - Þímannastofnumót	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M Skráningardagur	28 F	28 S	28 S Páskadagur	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ Skráningardagur	29 F		29 M Annar í Þæskum	29 F	29 L	29 Þ	29 F
30 S	30 M Skipulagsdagur	30 F	30 M	30 M Skráningardagur	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M		31 L		31 F Gamlárendadagur	31 S		31 M		31 M		31 L

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allir dagar eða lokaðir í hluta af tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.



9. Fylgiskjöl:

9.1 Innra mat Hulduheima 2025-2026

Styrkleikar

Hlýlegt og öruggt umhverfi: Á deildinni eru ung börn, frá 15-30 mánaða. Aðlögun gekk hægt og voru mörg börn mjög lengi að aðlagast og þar af leiðandi var lögð rík áhersla á að skapa hlýlegt og öruggt umhverfi þar sem hvert barn fékk athygli og stuðning við hæfi.

Hópastarf: Þar sem barnahópurinn samanstóð af breiðu aldurs- og þroska bili var leitast eftir að hafa leikefni og rými við hæfi barnanna. Börnunum var skipt í 3 hópa í hópastarfi sem og frjálsum leik. Starfið tók mið af áhuga, getu og þörfum barnanna og við það myndaðist gott rými fyrir leik.

Styrkleikar starfsfólks: Á deildinni vinnur fjölbreyttur hópur starfsmanna með mismundandi reynslu, menntun og bakgrunn. Í vetur fengu starfsmenn að nýta sína styrkleika og má þar nefna einn kennara sem nýtti tónlistarbakgrunn sinn í samverustundum. Annar kennari hefur mikinn áhuga á sköpun og fékk nægan tíma og rými til að skapa með börnunum.

Nýting á rými: Í haust var tekin ákvörðun um að endurskipuleggja lítið rými innan deildarinnar sem áður var nýtt sem hvíldarherbergi og breyta því í leikrými. Rýmið var útbúið með leikeldhúsi, borðum, stólum og fjölbreyttu leikefni með það að markmiði að styðja við skapandi leik og samskipti barnanna. Þessi breyting hefur reynst vel og haft jákvæð áhrif á skipulag starfsins. Með tilkomu nýs leikrýmis hefur skapast betri aðstaða til að skipta barnahópnum í þrjá smærri hópa, sem stuðlar að auknu rými, meiri ró og bættum skilyrðum fyrir leik barnanna.

Gönguferðir: Með reglulegri útiveru fá börnin tækifæri til hreyfingar, könnunar og upplifunar. Þar sem útivera er mikilvægur þáttur í starfinu okkar ætlum við næsta vetur að leitast við að nýta nærumhverfið betur og fara í stutta göngutúra og vettvangsferðir með barnahópinn.

Málörvun: Sögustundir hafa gengið vel í vetur en það er tækifæri til þess að gera enn betur, með minni hópum ásamt því að leggja meiri áherslu á markvissar lestrarstundir og málörvun til að efla og auka orðaforða barnanna.

9.2 Innra mat Álfheima 2025-2026

Styrkleikar

Nýting á rýmum: Börnunum var mikið skipt upp í tvö til þrjú rými þar sem gafst meiri tími fyrir þau að njóta sín og starfsfólkið fékk að kynnast öllum börnunum vel. Með þessu fengu börnin tækifæri til þess að njóta sín í minni hópum og ná meira flæði í leik.

Samverustundir: Lögð var mikil áhersla á málörvun með lestri og söng. Samverustundirnar eru þrisvar sinnum á dag þar sem ýmist er lesið, sungið eða spjallað saman. Börnin eru öll saman í samveru.

Að koma inn úr útiveru: Markmiðið fyrir veturinn var að skipuleggja betur þegar börnin koma inn úr útiveru. Þetta hefur okkur tekist. Eftir útiveru koma börnin inn í rólegheitunum, þau koma inn í hópum og fara inn á deild þar sem þau skoða bækur og eiga rólega stund með kennurunum sínum.

Útivera: Útivera er stór hluti af leikskólastarfinu og við einsettum okkur það að gera útiveru að jákvæðri upplifun og góðum námstækifærum. Það hefur tekist vel til og börnin eru ánægð og örugg í útiveru og öll farin að fara um allan garðinn.

Tækifæri

Gönguferðir: Fara meira í gönguferðir um nærumhverfið og skoðunarferðir um nánasta umhverfi leikskólans.

Dúkkó-herbergi: Endurskipuleggja herbergið með það markmið að gera það hlýlegra og meira spennandi.



9.3 Innra mat Tröllheima 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar

Val : Börnin fá að taka þátt í valstundum, þar sem þau fá sjálf að ákveða stöðvar og velja sér svo inni stöðvarnar, tími í vali eru um 20 mínútur og svo fá þau að skipta. Gengið hefur vel að hafa val og gott að skipta þeim niður í rýmin, það hefur minnkað hávaða inni á deildinni og árekstra töluvert. Að hafa valið svona hefur kennt þeim lýðræði, að hafa val að velja sér hvað þau vilja leika með hverju sinni.

Hópastarf: Hópastarf er ávallt eins og í því eru fimm dagar. -Salur/Lubbi, Listakot, Vináttuverkefnið Blær, vettvangsferð og leikur inni á deild. Kennarar á deildinni skiptast svo á vikulega að vera með hvern hóp. Þetta hefur hjálpað þeim að kynnast börnunum í hópnum og þekkja alla kennara á deildinni. Börnunum finnst gott að hafa skýran ramma og vita alltaf til hvers er ætlast af þeim.

Skipting í útiveru: Börnin hafa verið í útiveruhópum þar sem helmingurinn af deildinni er inni á meðan hinn helmingurinn fer út. Þetta hefur reynst vel og með þessu móti er meiri ró inni á deild til þess að vinna alls kyns verkefni með þeim hópi sem er inni.

Tækifæri

Nýting á rýmum: Það eru tækifæri til þess að nýta rýmin enn betur þegar börnin eru í frjálsum leik og skipta þeim niður í herbergin til þess að hægt sé að skapa betri leikaðstæður.

Sjónrænt val: Valið hefur gengið vel og við sjáum tækifæri til þess að efla það enn frekar með því að gera það sjónrænt.



9.4 Innra mat Loga 2025-2026

Styrkleikar

Aldurshreinar deildir: Það vann mjög vel með okkur að halda deildunum aldurshreinum og að vinna markvisst að verkefnum sem hentuðu hverjum aldurshópi. Þar sem elstu börnin fara í margar vettvangsferðir og heimsóknir í grunnskólann reyndist mjög hentugt að hafa þau öll á sömu deild.

Vettvangsferðir: Við erum mjög heppin með nærumhverfið okkar hér í Sunnufold og nýtum það vel með því að fara í vettvangsferðir um hverfið til að kynnst því betur. Hér voru börnin þátttakendur þar sem að þau fegnu að ákveða hvert ferðinni var heitið.

Sérkennsla: Þar sem mikil sérkennsla er í Loga var ákveðið að breyta einu rýminu í sérkennslurými svo hægt væri að vinna markvisst og vel með sérkennsluna. Herbergið nýttist vel í vinnustundum og þegar þær voru ekki í gangi var það nýtt af deildinni.

Nýting rýma: Við nýttum mannauðinn eins vel og hægt var, en lögðum einnig áherslu á að halda sem mestum stöðugleika á deildunum. Hvert rými var nýtt vel og markvisst var unnið að því að skipta deildinni upp í tvo hópa þar sem annar hópurinn var inni og hinn úti, þetta var gert til að minnka áreiti í húsinu sem gaf börnunum tækifæri að njóta þess að vera í minni hópum. Við höfum séð mikinn jákvæðan mun á börnunum og meiri gleði ríkir nú í húsinu.

Tækifæri

Málrækt: Við viljum leggja meiri áherslu á markvissar lestrarstundir og málörvun til að efla og auka orðaforða barnanna. Tvisvar á skólaárinu verður haldið lestarátak þar sem foreldrar og börn verða virkir þátttakendur.

Vinátta: Þar sem við ætlum að vinna markvisst með vináttu nýtum við Vináttuverkefni Barnaheilla þar sem bangsinn Blær er í aðalhlutverki. Við ætlum að skipta deildinni í litla hópa og vinna með Blæ.

Vettvangsferðir: Við ætlum einnig að halda áfram að nýta nærumhverfi leikskólans með vettvangsferðum til að kynna börnunum hverfið og skoða það sem er í nærumhverfi okkar.



9.5 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027

Frosti	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Yfirfara leikfangakost hússins með tilliti til gagnsemi, ástands og faglegs gildi leikfanganna.
Tækifæri til umbóta	Tryggja að leikföng leikskólans séu örugg, heil og henti aldri og þroska barnanna. Auka faglegt gildi leikfanganna með því að leggja áherslu á leikföng sem styðja við sköpun, samskipti, sjálfstæði og fjölbreyttan leik. Fækka lítið notuðum leikföngum og bæta skipulag og aðgengi þannig að börn geti auðveldlega valið og gengið frá leikföngum.
Aðgerðir til umbóta	Starfsfólk fer sameiginlega yfir leikföng á hverri deild og í sameiginlegum rýmum.
Ábyrgð	Allt deildarstarfsfólk í Frosta.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2026 – vor 2025.
Hvenær og hvernig á að meta?	Starfsfólk ræðir saman um breytingarnar á deildarfundum. Skoðað verður hvort starfsfólk upplifi betra skipulag og minna álag tengt frágangi og utanumhaldi leikfanga.
Viðmið um árangur	• Leikföng á deildum eru heil, örugg og viðeigandi fyrir aldur og þroska barnanna. • Meirihluti leikfanga styður við fjölbreyttan og skapandi leik. • Börn geta sjálfstætt nálgast leikföng og gengið frá þeim með stuðningi eftir aldri og getu. • Minna magn af brotnum eða lítið notuðum leikföngum er til staðar. • Starfsfólk upplifir aukið skipulag og betri yfirsýn yfir leikfangakost hússins. • Leikumhverfið verður rólegra, skipulagðara og styður betur við nám og leik barna.





Logi	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Róleg og fagleg móttaka barnanna á morgnanna.
Tækifæri til umbóta	Stefnt er að því að skapa rólega, hlýja og örugga byrjun á deginum fyrir börn og foreldra, stuðla að því að börnum líði vel og séu örugg þegar þau koma í leikskólann. Einnig viljum við efla jákvæð samskipti milli starfsfólks, barna og foreldra í upphafi dags, draga úr streitu og álagi í morgunrútinu og skapa umhverfi sem vekur áhuga og forvitni barnanna við komu.
Aðgerðir til umbóta	Starfsfólk tekur á móti börnum og foreldrum með rólegu og jákvæðu viðmóti. Leitast verður við að hafa dempuð ljós, rólega tónlist, og notalegt andrúmsloft á morgnana. Í boði verða einfalt og aðlaðandi leikefni við komu. Lögð verður áhersla á að foreldrar upplifi að tekið sé eftir barninu þeirra og að upplýsingaflæði sé gott og hlýlegt. Starfsfólk vinnur með samræmd vinnubrögð í móttöku til að skapa öryggi og fyrirsjáanleika.
Ábyrgð	Allt deildastarfsfólk í Loga.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2026 – vor 2025.
Hvenær og hvernig á að meta?	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum um hvernig morgnarnir gangi og hvort andrúmsloftið sé rólegt og skipulagt. Fylgst verður með líðan barna við komu, hvernig börn skilja við foreldra sína og hvort færri erfiðar aðskilnaðaraðstæður komi upp. Horft verður til þess hvort börn taki virkari þátt í leik fljótlega eftir komu. Leitað verður eftir upplifun foreldra, t.d. í samtölum eða með stuttri könnun. Starfsfólk metur hvort móttakan stuðli að meiri ró og betra flæði í byrjun dags.
Viðmið um árangur	- Börn koma rólegri og öruggari inn í daginn. - Foreldrar upplifa hlýlegt viðmót og öryggi við að skilja börn sín eftir. - Móttaka á morgnana einkennist af ró, skipulagi og jákvæðum samskiptum. - Börn geta fljótt tengst leik eða verkefnum við komu. - Starfsfólk vinnur eftir samræmdum og faglegum vinnubrögðum í móttöku. - Andrúmsloft á morgnana er notalegt og styður við vellíðan barna, foreldra og starfsfólks.





F. h. leikskólans Sunnufoldar

Melkorka Kjartansdóttir

15.05.2026

Leikskólastjóri

Dagsetning





9.6 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Dagný Björk Jóhannesdóttir
Guðlaug Sigurjónsdóttir
Hallbera Eiríksdóttir
Íris Lind Ólafsdóttir
Olga Dís Þorvaldsdóttir
Trausti Þórsson





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Sunnufoldar 2026–2027

Foreldraráð Sunnufoldar hefur farið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2026–2027 og telur að starfsáætlunin gefi skýra og greinargóða innsýn í starfsemi leikskólans.

Foreldraráð Sunnufoldar eru hæstánægð með það að haldið verði áfram að leggja áherslu á vellíðan barna, jákvæð samskipti og eflingu á leik og félagsfærni barnanna í samstarfi við foreldra. Áherslur starfsáætlunarinnar eru því í samræmi við það starf sem unnið er á leikskólanum.

Foreldraráð Sunnufoldar er ánægt með að umbótaáætlanir leiksskólans séu byggðar á niðurstöðum innra og ytra mats þannig að áframhaldandi þróun starfsins sem fer fram innan leikskólans sé því markviss og raunhæf. Það að lögð sé áhersla innleiðingu vináttuverkefnis Barnaheilla, aukna félagshæfni og jákvæðra samskipta barna er jákvætt þar sem það mun styðja við aukna vellíðan barnanna í skólanum. Markmið leikskólans um að aukna teymisvinnu, áframhaldandi þróun á skólanámskrá og eflingu á jákvæðri vinnustaðamenningu er bara af hinu góða. Ánægja starfsfólks og góð vinnustaðamenning, leiðir vonandi til þess að leikskólinn sé aðlaðandi vinnustaður sem dregur að sér frábært starfsfólk.

Foreldraráð er ánægt með starf Sunnufoldar og stjórnenda þess og gleðst yfir því metnaðarfulla starfi sem þar fer fram í samstarfi við foreldra. Foreldraráð gerir engar athugasemdir við starfsáætlunina og er ánægt með það metnaðarfulla starf sem fer fram á leikskólanum

Fyrir Hönd Foreldraráðs

Træusti Páll Þórisson





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



